



VÖRÐUR

við fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi

Skráning og hnitun



Vera Roth

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------------------------|-----------|
| Fornar ferðaleiðir | 5 |
| Skráning og hnitun sumur 2019-2023 | 6 |
| Varðaðar ferðaleiðir í Skaftárhreppi..... | 8 |
| 1. Aðalpóstleiðin um Mýrdalssand – Syðri leið..... | 9 |
| 2. Aðalpóstleiðin frá Þverá að Hverfisfljóti | 11 |
| 3. Aðalpóstleiðin frá Hverfisfljóti að Brunná..... | 13 |
| 4. Eldkróksgata..... | 14 |
| 5. Eldkróksvað | 15 |
| 6. Ásakvíslar - Árnavörðuvatn | 17 |
| 7. Ásavatn – Hestalandshólar..... | 18 |
| 8. Hestalandshólar – Hryggjalág | 19 |
| 9. Tangavegur..... | 21 |
| 10. Botnafitjar | 23 |
| 11. Leiðvallargata | 25 |
| 12. Melavegur | 26 |
| 13. Djúpá - Rauðaberg | 29 |
| 14. Nyrstivegur - Fjallabak | 31 |
| 15. Klöppin – Fjallabak | 34 |
| Lokaorð..... | 35 |
| Heimildir..... | 36 |

Myndaskrá

| | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1: Kortlögð leið (1905) (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar). | 9 |
| Mynd 2: Hraukhlaðin varða á Syðri leið á Mýrdalssandi. | 9 |
| Mynd 3: Varða austarlega á Syðri leið hlaðin úr köntuðu hraungrjóti..... | 10 |
| Mynd 4: Kortlögð leið birt 1905 (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar). .. | 11 |
| Mynd 5: Vörður á fremri leiðinni frá Þverá að Sauðavaði. | 11 |
| Mynd 6: Varða á fremri leiðinni rétt áður en komið er að Hverfisfljóti. | 12 |
| Mynd 7: Síðasta varðan á efri leiðinni þegar komið er að Hverfisfljóti..... | 12 |
| Mynd 8: Kortlagðar leiðir (1905) (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar).. | 13 |
| Mynd 9: Stöndug varða á Fljótsaurum. Lómagnúpur fjær. | 13 |
| Mynd 10: Herforingjaráðskort frá 1905; ferðaleið yfir Eldvatnstanga og Hverfisfljót..... | 14 |
| Mynd 11: Eldkróksgata; fyrstu vörðurnar við Eldvatnsbotna. | 14 |
| Mynd 12: Kortlögð ferðaleið (1905) (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar). | |
| Varða á hólma auðmerkt með gulum punkti. | 15 |
| Mynd 13: Tvær síðustu vörðurnar á Eldkróksgötu þar sem komið er að Eldkróksvaði. | 15 |
| Mynd 14: Tvær vörður vísa á vaðið. Mitt á milli þeirra fæst mið í vörðu á hólma í fljótinu... .. | 16 |
| Mynd 15: Fyrsta varðan sem fannst austan Hverfisfljóts. Lítið er eftir af vörðunni..... | 16 |
| Mynd 16: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) yfir Ásakvíslar og Árnavörðuvatn. | 17 |
| Mynd 17: Herforingjaráðskort frá 1905 sýnir tvær ferðaleiðir frá ferjustöðum við Ása að Hestalandshólum. | 18 |
| Mynd 18: Efsta varðan við Ásavatn (Eldvatn við Ása)..... | 18 |
| Mynd 19: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) frá Hestalandshólum um Kvíar að Hryggjalág. | 19 |
| Mynd 20: Varða á hraunkletti í birkigrónu hrauninu. Mýrdalsjökull í fjarska..... | 19 |
| Mynd 21: Uppgrónar hestagötur á leiðinni um Kvíar. Varða á þúst fjær. | 20 |
| Mynd 22: Varða nær hulin björk. | 20 |
| Mynd 23: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) á Tangavegi. | 21 |
| Mynd 24: Umhverfi Tangavegar getur sannarlega verið hrjóstugt. Sjálboðaliðar við vörðu. . | 22 |
| Mynd 25: Sjálfboðaliðar á Tangavegi. Varða í forgrunni. Síðufjöll í fjarska. | 22 |
| Mynd 26: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) á veginum um Botnafitjar..... | 23 |
| Mynd 27: Varða á Botnafitjum. Sér í götuslóðann til hægri á myndinni. | 24 |
| Mynd 28: Sjálfboðliðar við hnítun varða á Botnafitjum. | 24 |
| Mynd 29: Þrjár hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) á Leiðvallargötu. | 25 |

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 30: Leiðvallargata (græn lína) eins og lega hennar birtist á Atlaskorti LMÍ og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar)..... | 25 |
| Mynd 31: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) á Melavegi | 26 |
| Mynd 32: Hálfrunin og drungaleg varða á Melaveginum..... | 27 |
| Mynd 33: Fyrsta varðan ofan Meðallandsvegar við Efri-Steinsmýri..... | 27 |
| Mynd 34: Hér sést í topp á vörðu, sjálfsgagt eru margar vörður horfnar í sandinn. | 28 |
| Mynd 35: Kortlögð leið (1905) (græn lína) og hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar). | 29 |
| Mynd 36: Varðaði vegurinn frá Djúpá að Rauðabergi..... | 30 |
| Mynd 37: Tvær vörður vísa á vaðið á Djúpá. Mitt á milli þeirra fæst mið í Maríubakka..... | 30 |
| Mynd 38: Nyrsti vegur eins og hann var kortlagður 1938-39 (birt 1943 og 1944)..... | 31 |
| Mynd 39: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) frá Svartanúpi að Kirkjufellsósi..... | 32 |
| Mynd 40: Valur Oddsteinsson vísar á vörður fjallvegarins. | 32 |
| Mynd 41: Við vörðu nrúmer eitt ofan við Svartanúp í Skaftártungu. | 33 |
| Mynd 42: Varða á Nyrstavegi. | 33 |
| Mynd 43: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) frá Syðri-Ófæru að Klappargili. | 34 |
| Mynd 44: Farið um hina illræmdu Klöpp. | 34 |

Fornar ferðaleiðir

Götur og slóðar hafa myndast og mótað hér á landi frá fyrstu tíð manna og búfénaðar en ferðaleiðir urðu til þegar landsmenn fóru erinda, innan hrepps sem utan. Leiðir fólks lágu til dæmis milli bæja, til kirkju, á þingstað, í útver og kaup- eða uppskipunarstaði en einnig mynduðust götur þegar unnið var að bústörfum. Leiðirnar voru því mjög mislangar, allt milli fjarlægstu landshluta eða bara frá bæ á fjárbólið og stekkinn. Við þessar götur má víða finna minjar, misgamlar, svo sem hlaðin skjól, sæluhús, bæli í hellum og vörður. Vörður hafa um aldir verið notaðar sem vegvísar og voru helstu ferðaleiðir gjarnan vel varðaðar, sérstaklega varasömustu hlutar leiðanna þar sem fátt var um kennileiti. Vel varðaður vegur gat bjargað mannlífi við háskalegar aðstæður eða skyndilega umbreytingu í veðri.



Í Vestur-Skaftafellssýslu jók náttúrufar og landslag á erfiðleika við ferðalög til muna miðað við aðrar sýslur landsins og hófst vegagerð þar ekki fyrr en komið var vel fram á 20. öldina. Allt fram til þess voru allir vegir sjálfgerðar götur og slóðar, eftir gangandi menn og ríðandi, ásamt búfénaði þeirra. Ferðaleiðir innan Vestur-Skaftafellssýslu voru fjölmargar en einnig lá alfaraleið milli landshluta um sýsluna. Er því um að ræða bæði fjölfarnar þjóðleiðir og fáfarnari götuslóða.

Skráning og hnitun sumur 2019-2023

Kirkjubæjarstofa hefur um árabil staðið að söfnun og skráningu heimilda um fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi og árið 2018 gaf stofan út heimildarritið *Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu - um aldamótin 1900*. Í framhaldi útgáfunnar reyndist mikill áhugi fyrir því í héraði að fylgja verkefninu eftir með ítarlegri kortlagningu á ástandi leiðanna í dag og er hnitsetning á vörðum grunnþáttur í þeirri vinnu. Sótt var um styrki til verkefnisins og fengust veglegir styrkir frá Vinum Vatnajökuls, Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og Skaftárhreppi. Markmiðið var að fá sem gleggsta mynd af sýnileika, ástandi og samfellu hinna vörðuðu leiða. Ráðist var í verkið í byrjun sumars 2019. Unnið var með hliðsjón af fyrri heimildaskráningu Kirkjubæjarstofu en einnig var leitað til viðkomandi landeigenda þar sem við átti; um upplýsingar um ferðaleiðir, aðgengi að leiðum eða annað svo sem leyfi til að fara um svæðið. Farið var á vettvang og götunum fylgt, eftir því sem kostur var, rýnt í landið, vörður eða vörðubrot hnitsett, ljósmyndir teknar og ástand leiðar í heild sinni skoðað. Leiðirnar reyndust afar mislangar og af ólíkum toga og beita varð mismunandi aðferðum við að komast um þær. Sumar leiðir var hæglega hægt að fara fótgangandi, um aðrar var betra að fara ríðandi og enn aðrar reyndist best að kanna á fjórhjóli. Hnitum var safnað með GPS-tæki Kirkjubæjarstofu (Garmin; GISMAP 66S) og þau flutt yfir í Q-GIS landupplýsingakerfi. Upplýsingar af dönsku herforingjaráðskortunum voru hafðar til hliðsjónar en grunnkort voru Atlaskort LMÍ yfir svæðið og myndkort frá Loftmyndum ehf.

Verkinu miðaði allvel og að hausti 2019 hafði tekist að hnitsetja þó nokkrar leiðir en einnig hafði náðst ásættanleg heildarmynd af vörðuðum leiðum í hreppnum. Verkinu var fram haldið næstu sumur eftir og nú í lok árs 2023 telst hnitsetningu lokið. Eftir er þó að fylla inn í nokkrar eyður og verður það gert um leið og færí gefst.

Við vinnslu þessa verkefnis var leitað til margra staðkunnugra bæði heima í héraði og brottfluttra. Fá þeir allir mínar innilegustu þakkir fyrir hlýjar móttökur, óbilandi þolinmæði og ómetanlegar upplýsingar. Án þeirra hefði verkið orðið lítilfjörlegt. Aðstandendum Loftmynda ehf. færí ég mínar bestu þakkir fyrir tæknilega aðstoð og framlag á stórkostlegum grunn- og lykilgögnum. Án þeirra hefði verkið hreinlega verið ógerlegt. Allur sajálfboðaliða sem lagði verkefninu lið fær einnig mínar allra bestu þakkir fyrir óþreytandi framgöngu á vettvangi, glaðværð og jákvættugarfar. Þátttaka þeirra léði verkefninu líf og færði til áþreifanlegs raunveruleika.



Svipmyndir frá vettvangsvinnu sumur 2019-2023


Varðaðar ferðaleiðir í Skaftárhreppi

Eftirfarandi er nánari útlistun þeirra vörðuðu leiða sem hnitsettar voru sumur 2019-2023. Hverri leið eru gerð nokkur skil í sögulegu samhengi og reynt að skýra myndina enn frekar með kortum og ljósmyndum. Það skal áréttar að hér er ekki um að ræða taemandi lista yfir allar varðaðar leiðir í hreppnum heldur fyrst og fremst helstu ferðaleiðirnar.

Varðaðar leiðir sem hér eru gerð skil:

- Aðalpóstleiðin um Mýrdalssand – Syðri leið.
- Aðalpóstleiðin frá Þverá að Hverfisfljóti.
- Aðalpóstleiðin frá Hverfisfljóti að Brunná.
- Eldkróksgata.
- Eldkróksvað.
- Ásakvíslar – Árnavörðuvatn.
- Ásavatn – Hestalandshólar.
- Hestalandshólar – Hryggjalág.
- Tangavegur.
- Botnafitjar.
- Leiðvallargata.
- Melavegur.
- Rauðabergshraun.
- Nyrstivegur – Fjallabak.
- Klöppin – Fjallabak.

1. Aðalpóstleiðin um Mýrdalssand – Syðri leið



Mynd 1: Kortlögð leið (1905) (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar).

Aðalpóstleiðin lá frá Vík í Mýrdal austur Mýrdalssand um Dýralækjarsker að Herjólfssstöðum og Hraunbæ í Álftaveri. Póstleiðin fylgdi svokallaðri Syðri leið sem var kortlögð af dönskum landmælingarmönnum upp úr aldamótunum 1900 og birt á Herforingjaráðskorti 1905. Á þessari leið voru víðast leiðarmerki; stikur að vestan en grjótvörður frá Dýralækjarskeri austur í Álftver. Því var auðratað í sæmilegu veðri. Ferðir yfir Mýrdalssand reyndust þó mörgum erfiðar og hættulegar, einkum á vetrum. Sandurinn var þekktur fyrir dimmviðri og mannskæðir sand- og snjóbyljir gátu brostið á án fyrirvara. Auk þess var sandurinn stundum ófær vegna snjóþyngsla og var þá farið með sjó á fjöruvöðum. Þurfti þá að þræða fyrir hættuleg útföll og var það ekki á færi nema kunnugra.




Mynd 2: Hraukhlaðin varða á Syðri leið á Mýrdalssandi.

Stikurnar frá Múlakvísl að Dýralækjarskeri eru eðlilega löngu eyddar en við þann hluta leiðarinnar sem liggur frá Dýralækjarskeri að Herjólfstöðum og Hraunbæ standa hinar gríðarmiklu grjótvörður enn. Leiðin frá skerinu að Hraunbæ var hnittsett í tveimur áföngum og naut undirrituð fulltingis Kristbjargar Hilmarsdóttur á Þykkvabæjarklaustri sem lagði til, auk leiðsagnar, fjórhjól og akstur ásamt gistiaðstöðu.


Vörðurnar vestanvert, nær Dýralækjarskeri, eru hraukhlaðnar úr rúnnuðum hnullungum, margar hverjar meira en mannhæðar háar og tveir til þrír metrar í þvermál. Foksandur hefur hlaðist að vörðunum og melgresi vex víða en vörðurnar hafa þó flestar haldið sér að miklu leyti. Margar eru lítt haggaðar og þótt sumar séu að einhverju leyti hrundar, eru þær enn gríðarmiklar og vel sýnilegar. Þegar austar dregur breytist landslagið og um leið hleðsluefni og ásýnd varðanna. Vörðurnar eru þar nokkuð minni að ummáli, uppmjórri og flestar hlaðnar úr köntuðu hraungrjóti.

Leiðin er greiðfær þar sem akslóði liggur að mestu samhliða vörðunum en við Kælirana þurfti þó nokkuð að víkja af leið til að finna gott vað fyrir fjórhjólið. Vegalengd hinnar vörðuðu leiðar frá Dýralækjarskeri að Hraunbæ mældist um 8 km.




Mynd 3: Varða austarlega á Syðri leið hlaðin úr köntuðu hraungrjóti.

2. Aðalpóstleiðin frá Þverá að Hverfisfljóti



Mynd 4: Kortlögð leið birt 1905 (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar).

Annar hluti aðalpóstleiðarinnar sem vel var varðaður liggur yfir eystri álmu Eldhraunsins; frá Þverá að Sauðavaði á Hverfisfljóti. Helsu ferðaleiðir yfir Hverfisfljót voru kortlagðar af landmælingamönnum danska herforingjaráðsins og birtar á korti útgefnu 1905. Þar með talin er þjóðleiðin frá Þverá að Sauðavaði. Við athugun á vettvangi kom í ljós ósamræmi milli legu kortlögðu leiðarinnar og þeirrar sem þekkt er í dag sem „gamla þjóðleiðin hjá Þverá“ en sú gata er afar vel vörðuð og liggur töluvert framari í hrauninu. Ekki eru þekktar skýringar á þessu. Á Mynd 4 má sjá legu beggja gatnanna; kortlagða leiðin (1905) er sýnd sem græn lína en hnítsettar vörður auðmerktar með appelsínugulum punktum. Leiðirnar voru hnítsettar í tveimur áföngum með aðstoð Helgu Guðrúnar Sigurjónsdóttur og Sigríðar Jóhannsdóttur.




Mynd 5: Vörður á fremri leiðinni frá Þverá að Sauðavaði.



Mynd 6: Varða á fremri leiðinni rétt áður en komið er að Hverfisfljóti.


Pjóðleiðin sem þekkist í dag er vel sýnileg í landinu en hún er greinileg hraungata, afar vel vörðuð. Vörðurnar eru yfirleitt fremur litlar, hæðin um eða undir einum metra, en vel hlaðnar og hafa staðið býsna vel. Nokkuð er um hleðsluverk sem fyllir í sprungur og gjótur í götunni og ekki fer á milli mála að hér er um fjölfarna ferðaleið að ræða. Þær vörður sem næst standa Hverfisfljóti eru veigameiri og vísa á vaðið á fljótinu. Leiðin mældist um 3 km.

Korlagða leiðin, sem innar liggar í landinu, er aftur á móti að öllu leyti sjálfgerður slóði, vart sýnilegur, illa rekjanlegur og við hann er aðeins einstaka litla vörðu eða vörðubrot að finna. Þó er síðasta varðan, sú er næst stendur Hverfisfljóti, vel hlaðin. Hún stendur á hraunkletti þar sem komið er út úr hrauninu og sést vel. Leiðirnar koma saman við Sauðavað á Hverfisfljóti.



Mynd 7: Síðasta varðan á efri leiðinni þegar komið er að Hverfisfljóti.

3. Aðalpóstleiðin frá Hverfisfljóti að Brunná



Mynd 8: Kortlagðar leiðir (1905) (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar).

Þegar komið var yfir Sauðavað á Hverfisfljóti lá aðalpóstleiðin áfram austur yfir Fljótsaura að vaði á Brunná. Um miðja vegu á aurunum kemur gatan frá Eldkróksvaði saman við póstleiðina. Á þessari leið standa fjölmargar vörður, heldur stærri en við aðalpóstleiðina í Eldhrauninu, sumar allt að mannhæðar háar og flestar meira eða minna óskemmdar. Samhliða þeim er akslóði sem nær langleiðina að Brunná. Leiðin frá Hverfisfljóti að Brunná mældist um 2 km. Mynd 8 sýnir ferðaleiðir eins og þær voru kortlagðar og birtar 1905 (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar).



Mynd 9: Stöndug varða á Fljótsaurum. Lómagnúpur fjær.

4. Eldkróksgata




Mynd 10: Herforingjaráðskort frá 1905; ferðaleið yfir Eldvatnstanga og Hverfisfljót.

Eldkróksgata var ein af helstu ferðaleiðunum og er kortlögð á Herforingjaráðskorti frá 1905. Þar er hún sýnd sem vörðuð leið úr Eldvatnsbotnum um Eldvatnskrók að Hverfisfljóti. Heimamenn virðast margir vita af götunni þótt fæstir hafi farið hana eða viti nákvæmlega hvar hún liggur eða hvaða nafn hún ber. Götuna var fremur fljótlegt að finna enda lega hennar nokkuð vel afmörkuð af greinilegum kennileitum í landslagi en einnig eru fyrstu vörður í hraunbrúninni vel sýnilegar. Vörður götunnar vísa síðan skilmerkilega á hvar gatan liggur um hraunið. Þær eru fremur litlar, hlaðnar með afar stuttu millibili og yfirleitt tvær og tvær saman þannig að götuslóðinn liggur á milli þeirra. Sjaldgæft er að sjá svona „tvöfalda“ vörðun því yfirleitt er aðeins ein varða stök öðru hvoru megin við götuna og smá spölur að þeirri næstu. Má ætla ástæður þessa að gatan er mjó og krókótt hraungata og fjöldinn allur af vondum gjótum beggja vegna hennar. Má hæglega sjá fyrir sér að í myrkri eða þoku væri stórvarasamt að villast af götunni. Elkróksgata mælist 1,5 km.



Mynd 11: Eldkróksgata; fyrstu vörðurnar við Eldvatnsbotna.

5. Eldkróksvað



Mynd 12: Kortlögð ferðaleið (1905) (græn lína) og hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar). Varða á hólma auðmerkt með gulum punkti.

Í heimildum kemur fram að Eldkróksvað á Hverfisfljót hafi verið djúpt og því einungis farið af lausríðandi mönnum. Vatnið mun oft hafa verið á herðatopp á hestunum og rétt hægt að komast hjá því að sundríða. Vaðið var því ónothæft fyrir þá sem voru á ferð með hestalestir eða hest undir burði en slíkir ferðamenn nýttu sér vöð ofar á aurunum svo sem Trjávað og Sauðavað.

Þegar komið er að Eldkróksvaði að vestan eru tvær myndarlegar vörður sem vísa á vaðið. Þær eru þannig staðsettar að ef horft er mitt á milli þeirra fæst mið í vörðu sem stendur á hólma í fljótinu. Tilgangur hennar var að vísa vegfaranda rétta stefnu þegar riðið var á vaðið. Frá vörðunni í hólmanum þurfti svo að taka nýja stefnu og þá með mið í fyrstu vörðuna austan fljótsins.



Mynd 13: Tvær síðustu vörðurnar á Eldkróksgötu þar sem komið er að Eldkróksvaði.




Mynd 14: Tvær vörður vísa á vaðið. Mitt á milli þeirra fæst mið í vörðu á hólma í fljótinu.

Fyrstu vörðurnar eftir að komið er austur yfir vaðið hafa látið á sjá og ljóst er að jökulvatn umlykur þær þegar mikið er í Hverfisfljóti. Hnitsetningar voru fyrst gerðar seinni hluta sumars þegar enn var töluberð jökulbráð í fljótinu og reyndist ógerningur að komast að vörðunum. Þegar leið á haustið hafði dregið það mikið úr vatnsrennslinu að hægt var að komast nær hálfa leið yfir vaðið austan frá – þurrum fótum. Hnit voru þá tekin af tveimur veststu vörðunum á austurbakkanum en þær eru orðnar veigalitlar; hafa hrunið að mestu og hleðslugrjót skolast burt. Þegar komið er austar á Fljótsaurana standa vörðunar vel og eru heldur stærri og meiri um sig en á Eldkróksgötunni (sjá „Aðalpóstleiðin frá Hverfisfljóti að Brunná“, bls. 13).



Mynd 15: Fyrsta varðan sem fannst austan Hverfisfljóts. Litið er eftir af vörðumni.

6. Ásakvíslar - Árnavörðuvatn



Mynd 16: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) yfir Ásakvíslar og Árnavörðuvatn.


Fyrsta brúin á Eldvatnið við Ása (Ásavatn) var byggð 1907 en þá voru enn engir akvegir í sýslunni. Þannig háttaði til við Ása að þegar komið var austur yfir brúna urðu Ásakvíslar jafnskjótt í veginum. Þær voru oft vondar yfirferðar sérstaklega á vetrum vegna ótryggra ísa og fengu menn, sem þurftu að komast yfir kvíslarnar, oft mikinn hrakning. (V.R., 2018).

Úr „Lárus á Klaustri“ (bls.133-4):

Þeir, sem enn muna þjóðleiðina yfir Ásakvíslar, muna vörðurnar, er hlaðnar voru sem vegvísar milli kvíslanna. Svo háar voru þær, að þær tóku jafnhátt ríðandi manni. Sannorður maður segir svo frá, að eitt sinn, er hann fór á ísi yfir Ásakvíslar, höfðu þær hlaupið svo upp úr farveginum, að hann sá aðeins ofan á toppinn á vörðunum. (P.H., 1957)

Rétt undir 1930 hófust umræður um brú á Eldvatnið hjá Stórahvammi og vegarlagningu í samræmi við það. Urður þá miklar deilur í héraðinu um kosti þeirrar framkvæmdar umfram það að endurbýggja brúna við Ása. Sterkustu rökin með Stórahvammbrúnni voru þau að syðri leiðin hjá Ásum, yfir Ásakvíslar, yrði aldrei gerð örugg sem vetrarvegur og með Stórahvammsbrúnni yrði hætt að nota þá leið. Svo fóru leikar að nyrðri leiðin var valin. Lagðist þá vegurinn yfir Ásakvíslar af en vörðurnar standa enn. Mynd 17 sýnir hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) yfir Ásakvíslar (og Árnavörðuvatn). Á ytri hluta svæðisins er gróskumikill skógur sem hamlaði leit að vörðum en á eystri hlutanum eru vörðurnar vel sýnilegar, standa þar afar þétt og eru yfirleitt tvær og tvær saman.

7. Ásavatn – Hestalandshólar



Mynd 17: Herforingjaráðskort frá 1905 sýnir tvær ferðaleiðir frá ferjustöðum við Ása að Hestalandshólum.

Herforingjaráðskort frá 1905 (Mynd 18) sýnir tvær varðaðar ferðaleiðir (kortatákn; lína með litlum hringjum) frá ferjustöðunum við Ása í Skaftártungu að Hestalandshólum. Við hólana sameinuðust leiðirnar í eina sem lá síðan áfram niður í Meðallandið. Hestalandshólar eru grösugir óbrynnishólar í úfnu hrauninu og hefur þar verið góð áning.

Aðeins er búið að hnítsetja vörður á eystri leiðinni. Auðvelt reyndist að komast um þann hluta leiðarinnar því upphaflegi bílvegurinn lagður nánast í sömu slóð og gamli reiðvegurinn. Þar fylgjast því nokkuð að gamall akvegur og fornar vörður.



Mynd 18: Eista varðan við Ásavatn (Eldvatn við Ása).

8. Hestalandshólar – Hryggjalág



Mynd 19: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) frá Hestalandshólum um Kvíar að Hryggjalág.

Frá Hestalandshólum lá varðaða leiðin í Meðallandið um Hryggjalág (og þaðan að Leiðvelli). Götuna reyndist auðvelt að rekja sunnan þjóðvegar og er hún þar nokkuð breið á köflum og ber jafnvel einkenni frumstæðrar vegagerðar. Þegar komið er lengra til suðurs liggr gatan niður af Eldhraunsbrúninni hjá Kvíaál (nú þurr) og niður á eldra og grónara hraun. Þar breytir um stefnu til suðausturs og fljótlega verður gatan aðeins þróng hraungata.




Mynd 20: Varða á hraunkletti í birkigrónu hrauninu. Mýrdalsjökull í fjarska.

Vörðunum var fylgt um Kvíar og Kvíalæki og má með sanni segja að leiðin sú sé vel geymd í birkigróðri og mosaþembu hraunsins. Gatan er víða vel gróin, krókótt og gontótt og litlar gjótur leyනast víða. Engin merki fundust um vegagerð önnur en vörður. Göturoðningarnir sjálfir eru sums staðar greinilegir en oftar en ekki alveg horfnir í mosa og annan gróður og ógerningur væri að fylgja götunni óslitið nema fyrir vörðurnar. Á köflum sjást þó margfaldar, vel uppgrónar reiðgötur sem segja sína sögu um fyrrí notkun leiðarinnar.



Mynd 21: Uppgrónar hestagötur á leiðinni um Kvíar. Varða á þúst fjær.

Eftir því sem nær dró Hryggjalág reyndist örðugra að finna vörðurnar í gróskumiklum birkiskóginum. Má segja að undirrituð hafi týnt götunni nokkru áður en komið var að láginni.



Mynd 22: Varða nær hulin björk.

9. Tangavegur



Mynd 23: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) á Tangavegi.

Tangavegur lá frá Ásum vestan Ásakvísla og suður að Leiðvelli. Heimildir um þennan veg fást ekki nema munnlegar; frá Hilmar Gunnarssyni sem alin var upp í Ásum og síðar bóni þar og Gísla Halldóri Magnússyni núverandi ábúanda. Ekki er vitað við hvaða tanga vegurinn er kenndur. Hilmar segir Þorvald í Hemru hafa verið verkstjóra við gerð vegarins og hann hafi verið lagður fljótlega eftir að vegagerðinni í gegnum Eldhraunið var að fullu lokið (um 1910). Halldór segir að Tangavegur sé fyrsti vegurinn á milli Meðallands og Skaftártungu sem gerður var fyrir hjólið (vagnhjólið). Hann segir vegarlagninguna hafa verið stórvirki og að því hafi unnið hópur manna, hópur ungra manna, í eitt eða tvö sumur. Vegurinn var hestvagnavegur svo mjór að hann var einungis rétt hestvagnabreiddin. Halldór segir enn fremur að sennilega hafi enginn keyrt þennan veg nema Gísli Vigfússon á Flögu í Skaftártungu en hann notaði veginn í póstferðum þegar hann fór með póst frá Flögu í Meðallandið. Síðast þegar Halldór fór þarna um þá sáust enn hjólförin eftir hetsvagnana.

Landið sem Tangavegur liggar um er fremur jafnlent en hefur afar breytilega ásýnd. Næst Ásakvíslum eru vörður og vegur að miklu leyti horfin í lúpínubreiður og gróskumikinn skóg. Sunnar liggar vegurinn um lítt gróinn sandorpinn hraunkarga en þar eru vörður vel sýnilegar og vegur rekjanlegur á köflum. Við Hryggjalág er mosavaxið og birkigróið hraun og enn sunnar eða milli lágarinnar og Leiðvalla tekur aftur við sandorpinn hraunkargi. Vegalengdin sem hnitsettar vörður spenna er um 10 km.




Mynd 25: Sjálboðaliðar á Tangavegi. Varða í forgrunni. Siðufjöll í fjarska.

Á meðan vegurinn var í notkun fékk hann árlegt viðhald. Valdimar í Hemru var þá yfir verkinu og Sveinn í Gröf (Sigursveinn Jóhannesson) vann með honum. Þeir fóru á hverju vori, tveir saman, með hest og vagn og voru sólarhring að vinna við þetta hverju sinni. Halldór segir veginn hafa þó fljótlega lagst af þegar bílar komu í sýsluna því þá var lagður nýr vegur í Meðallandið sem hafði vegstæði um Hestalandshóla.



Mynd 24: Umhverfi Tangavegar getur sannarlega verið hrjóstugt. Sjálboðaliðar við vörðu.

10. Botnafitjar




Mynd 26: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) á veginum um Botnafitjar.

Haustið 2019 var unnið að hnítsetningu örnefna í landi Botna í Meðallandi með Kjartani Ólafssyni ábúanda þar en Kjartan er fæddur og uppalinn í Botnum. Kom þá á daginn að varðaður vegur (handruddur vagnvegur og hestagata) liggur um Botnaland. Kjartan vísaði á vörðurnar og taldi hann fáa aðra, ef nokkra, vita af tilvist þerra. Leiðin liggur í beina stefnu til suðausturs frá Ásakvíslum austanverðum, eða Árnavörðuvatni, í Meðallandið.

EKKI REYNDIST UNT AÐ HEFJA HNÍTSETNINGU Á VÖRÐUNUM ÞETTA HAUST OG FJÖLMARGAR HINDRANIR, MEÐAL ANNARS HEIMSFARALDURINN COVID-19, KOMU Í VEG FYRIR AÐ HÆGT YRÐI AÐ GANGA LEIÐINA OG HNÍTSETJA VÖRÐURNAR FYRR EN SUMARIÐ 2023. HAFÐOI KJARTAN VEG OG VANDA AÐ ÞVÍ AÐ AÐSTOÐA SJÁLFBOÐALIÐA OG UNDIRRITAÐA Í HVÍVETNA. AUK LEIÐSAGNAR OG ÁBENDINGA SÓTTI HANN VETTVANGSLIÐA VIÐ ENDA GÖNGUNNAR EN ÞAÐAN ER EKKI HÆGT UM VIK FYRIR GANGANDI AÐ KOMA SÉR TIL „BYGGÐA“.

Hlut leiðarinnar, þ.e. efsti hlutinn við Árnavörðuvatn, er enn óhnítsettur en gengið var inn á götuna ofarlega í landi Botna og haldið sem leið lá, í nokkuð beina línu til suðausturs, uns komið var fram af hraunbrún ofan við Langasandsrás. Við rásina er land víða blautt og fremur illt yfirferðar enda spillst af Eldvatninu sem hefur teygt sig lengra til vesturs en áður var. Þarna voru nokkrar vörður sem Kjartan þekkti og vísaði á. Vegalengdin sem hnítsettar vörður ná yfir er 7-8 km.




Mynd 27: Varða á Botnafitjum. Sér í götuslóðann til hægri á myndinni.

Engar heimildir hefur undirrituð fundið um þessa leið aðrar en munnlegar frá Kjartani en ósennilegt er að vegurinn hafi verið til um aldamótin 1900 því hann kemur ekki fram á Herforingjaráðskortunum frá 1905. Kjartan segir, eftir föður sínum, að þegar Ásakvíslar höfðu þétt hraunið svo að jökulvatn rann í Fitjavatninu þá hafi vatnið orðið ófært og leiðin lagst af. Kjartan heyrði talað um að vatnið í Fitjavatninu hafi aukist gríðarlega eftir Kötlugosið 1918 en hann telur þó að gatan hafi verið aflögð fyrir þann tíma. Hilmar Gunnarsson frá Ásum segir Árnavörðuvatnið hafa farið um Farvegi í Pétursdal og þaðan í Eldvatnið í Meðallandi.



Mynd 28: Sjálfsboðliðar við hnituun varða á Botnafitjum.


11. Leiðvallargata



Mynd 29: Þrjár hnittsettar vörður (appelsínugulir punktar) á Leiðvallargötu.


Leiðvallargata lá frá Botnum í Meðallandi að Leiðvelli en kortlagningu leiðarinnar má sjá á Herforingjaráðskorti frá 1905 og Atlaskorti LMÍ (Mynd 29). Frá Botnum að Farvegum er leiðin táknuð með heilli línu og hringjum og hefur hún því verið vörðuð á þeim hluta. Leiðin liggur síðan til suðurs með Farvegunum þar sem hún er táknuð eingöngu með heilli línu. Má gera ráð fyrir að þar hafi gatan verið greinileg og Farvegirnir dugað sem vegvísar. Frá Farvegum vestur að Leiðvelli er leiðin táknuð með brotalínu en þar liggur hún um sandorpið hraun.

EKKI NÁÐIST AÐ KANNA LEIÐINA ALLA EN ÞRJÁR VÖRÐUR VORU HNITSETTAR. TVÆR ERU Í LANDI BOTNA OG VÍSAÐI KJARTAN ÓLAFSSON Á ÞÆR EN SÚ HIN ÞRIÐJA STENDUR RÉTT AUSTAN VIÐ BÆJARTÓFTIRNAR AÐ LEIÐVELLI.



*Mynd 30: Leiðvallargata
(græn lína) eins og lega
hennar birtist á Atlaskorti
LMÍ og hnittsettar vörður
(appelsinugulir punktar).*

12. Melavegur



Mynd 31: Hnitsettar vörður (appelsínugulir punktar) á Melavegi.

Melavegur var ferðavegur sem lá frá Efri-Steinsmýri í Meðallandi allt norður fyrir lækina sem renna undan Skaftáeldahrauni sunnan Ytri-Dalbæjar. Vegurinn var kortlagður af dönskum landmælingamönnum upp úr aldamótunum 1900 og birtur á Herforingjaráðskorti 1905.

Vilhjálmur Eyjólfsson á Hnausum taldi götuna ævaftona og tilkomna löngu fyrir Eld (Skaftárelدا 1783). Leiddi hann líkum að því að veg þennan hafi munkar þykkvabæjarklausturs farið þá er þeir heimsóttu nunnurnar á Kirkjubæjarklaustri (munnlegar heimildir; Lilja Magnúsdóttir og Kristín Lárusdóttir, 2019). Ekki fundust neinar heimildir um aldur leiðarinnar og ekkert finnst af rituðum heimildum utan þess að hún er nefnd í örnefnaskrám. En að sönnu stendur hún í hrauni sem er mun eldra en Eldhraunið. Sárafáir eru þeir sem þekkja til götunnar í heild sinni í dag enda liggar hún langt úr alfaraleið, vel falin í sandorþnum, illfærum hraunkarga í Meðallandi og í bleytunum við „Lækina“ (sem rennan undan Skaftáeldahrauni) í Landbroti. Syðstu vörðurnar eru þó vel sýnilegar frá Meðallandsvegi rétt ofan við Efri-Steinsmýri.

Ákveðið var að freista þess að fara veginn á fjórhjóli og lagði Kristín Lárusdóttir á Syðri-Fljótum til fjórhjól og akstur. Ferðin var nokkuð torsótt en gekk þó vel og skilaði þeim árangri sem vonast var eftir.



Mynd 32: Hálfrunin og drungaleg varða á Melaveginum.

Í ljós kom að vegurinn er nær allur varðaður gríðarmiklum vörðum og þó sérstaklega sunnan til þar sem vörðurnar eru sérstaklega vandaðar og miklar. Standa fjölmargar furðu vel, sumar með öllu óskemmdar, en margar eru líka fallnar að hluta. Sárafáar hafa hrunið alveg. Vegurinn er sandorpinn þannig að ekki er hægt að greina götuna sjálfa og þarna eru það vörðurnar sem vísa veginn. Eftir því sem ofar dregur breytist ásýnd landsins þar sem sandur eykst til muna og hafa sumar vörðurnar hálfkaffærst í melgrónum sandi.



Mynd 33: Fyrsta varðan ofan Meðallandsvegar við Efri-Steinsmýri.

Norðar breytist landslagið enn og þegar komið er í Landbrotið er hraunið ekki aðeins sandorpið helur er þar á köflum nánast alveg horfið undir gríðarlega sandskafla, jafnvel margra mannhæða háar sandöldur. Þarna verða vörðurnar strjálli og jafnframt smærri. Smám saman reyndist æ erfiðara að rekja þær og oft þurfti töluberða útsjónarsemi til að geta sér til um staðsetningu næstu vörðu. Nokkrar komu þó í ljós við nánari leit og stundum sást bara í toppinn þar sem varðan var að öðru leyti hulin sandi.




Mynd 34: Hér sést í topp á vörðu, sjálfsagt eru margar vörður horfnar í sandinn.

Þegar komið var að lækjarbotnunum sunnan þjóðvegar við Ytri-Dalbæ varð landið enn erfiðara yfirferðar, sandsvæðinu slepti og við tóku bleytur lækjarbotnanna og grófur hraunkargi í gljúpum jarðvegi, afar vondur yfirferðar.

Ekki reyndist unt að fara yfir Grenlæk á fjórhjólinu og var því leit að vörðum hætt þegar þar var komið. Ofan Grenlækjar er komið á gróið land og fylgir gatan þar að nokkru Eldshraunsbrúninni og hefur því sennilega ekki verið um eiginlega vörðun hennar að ræða.

Melavegur mælist allur 14 km langur en hnittsettar vörður ná yfir um 12 kílómetra vegalengd.

13. Djúpá - Rauðaberg



Mynd 35: Kortlögð leið (1905) (græn lína) og hnítsettar vörður (appelsínugulir punktar).

Varðaður vegur liggur frá fornú vaði á Djúpá til norðausturs í átt að Rauðabergi. Leiðin var birt á Herforingjaráðskorti 1905 og hana má einnig finna á Atlaskorti LMÍ. Ferðamannaleiðin hefur legið frá Maríubakka til norðurs yfir Djúpá og komið inn á Aðalpóstleiðina vestan Rauðabergs en sú leið lá um Eyjarvað. Mynd 35 sýnir staðsetningu á hnítsettum vörðum (appelsínugulir punktar) til samanburðar við kortlögðu leiðina (græn lína). Margar vörður eru heilar, eða því sem næst, en margar eru líka hálfhrundar eða alveg hrundar.

Þótt leiðin sé skýrt afmörkuð á kortunum reyndist hún frekar vandfundin á vettvangi. Veldur því annars vegar að vörðurnar næst Rauðabergi eru ónýtar eða horfnar og hinar falla svo vel inn í landslagið að erfitt er að koma auga á þær nema vita nákvæmlega hvar leiðin liggur. Þó eru vörðurnar margar hverjar stöndugar og vel háar. Auðveldara er að finna leiðina sunnan frá eða frá bakka Djúpár því þar standa vörðurnar vel og skera sig betur frá umhverfinu. Víða á leiðinni eru ummerki um einhvers konar vegagerð svo sem vísbendingar um að vegurinn hafi verið grjóthreinsaður eða ruddur og grjótið nýtt í garða með veginum. Leiðin er ekki ýkja löng, aðeins um tveir og hálfur kílómetri og er undirlagið aðallega hraunkargi og foksandur.



Mynd 36: Varðaði vegurinn frá Djúpá að Rauðabergi.


Talsverð ummerki eru eftir „vegagerð“ og á mynd 36 má sjá dæmi þar sem gatan hefur verið grjóthreinsuð og grjótið nýtt til að afmarka hana með grjótgarði eða -görðum. Mynd 37 sýnir vörðurnar sem standa á austurbakka Djúpár, næst ferðamannavaðinu. Mið er tekið í Maríubakka sem stendur vestan Djúpár (áin liggur á milli en sést ekki á myndinni).



Mynd 37: Tvær vörður vísa á vaðið á Djúpá. Mitt á milli þeirra fæst mið í Maríubakka.


14. Nyrstivegur - Fjallabak

Nyrstivegur var hann kallaður, fjallvegurinn sem lá fyrir norðan Torfajökul, milli Skaftártungu og Lands í Rangárvallasýslu. Um árabil fóru Skaftfellingar með stóra fjárrekstra um Nyrstaveg til slátrunar í Reykjavík. Leiðin er talin óþekkt til ársins 1839 þá er Björn Gunnlaugsson landmælingamaður og kennari við Bessastaðaskóla fór hana. Fjallvegurinn var varðaður um aldamótin 1900 og voru vörðurnar tölusettar með litlum tréhælum, allt frá vörðu númer eitt í heiðarbrúninni ofan við Svartanúp í Skaftártungu að vörðu númer 798 við Galtalæk á Landi. Vörðurnar voru allt að tveggja metra háar, ýmist úr hraungrýti, hrafntinnu, gjalli eða torfi.




Mynd 38: Nyrsti vegur eins og hann var kortlagður 1938-39 (birt 1943 og 1944).

Vörður fjallvegarins á þeim hluta er liggur í Rangarvallasýslu voru hnítsettar fyrir allmögum árum og var það gert í nokkrum áföngum að frumkvæði og framkvæmd heimamanna. Nú hefur eystri hlutinn einnig verið hnítsettur eða sá er liggur innan Vestur-Skaftafelssýslu. Verkið var unnið í þremur áföngum á jafnmögum sumrum eftir leiðsögn Vals Oddsteinssonar í Úthlíð.




Mynd 39: Hnitsettar vörður (appelsinugulir punktar) frá Svartanúpi að Kirkjufellsósi.

Sumarið 2019 fóru Valur og undirrituð (ásamt ungum aðstoðarmanni; barnabarni Vals og nafna) eina ferð og voru þá vörður og vörðubrot hnítsett frá vörðu númer eitt ofan við Svartanúp norður að Syðri-Ófæru við Hánípufit sunnan Lambaskarðshóla.




Mynd 40: Valur Oddsteinsson visar á vörður fjallvegarins.

Sama sumar var þessi hluti leiðarinn riðinn með hópi sjálfboðaliða þ.e. frá Hánípufit að vörðu númer eitt ofan við Svartanúp. Þetta var gert í þeim tilgangi að prufukeyra leiðina sem ferðaleið fyrir þá sem ferðast á hestum en í dag er akvegurinn aðal ferðavegurinn fyrir hestahópa sem fara um fjallveginn.



Mynd 41: Við vörðu nrúmer eitt ofan við Svartanúp í Skafþártungu.

Ætlunin var að halda verkinu áfram sumarið eftir en heimsfaraldurinn COVID-19 tók fyrir þær áætlanir. Sumar 2021 var lagt upp á ný og var þá Jóna Björk Jónsdóttir komin til liðs við verkefnið en hún sá um akstur og ýmsa aðra liðveislu. Var þá lokið við að hnítsetja vörður gamla fjallvegarins allt að sýslumörkum milli Vestur-Skaftafelssýslu og Rangárvallasýslu eða með öðrum orðum að Kirkjufellsósi. Vegalengdin sem vörðurnar ná yfir er um 35 km.



Mynd 42: Varða á Nyrstavegi.

15. Klöppin – Fjallabak.



Mynd 43: Hnitsettars vörður (appelsinugulir punktar) frá Syðri-Ófæru að Klappargili.

Sumarið 2022 var enn lagt á fjallið og nú voru vörður hnitsettar frá Klöppinni í Klappargili austan Jökuldala suður að Álfavötnum eða að steinboga á Syðri-Ófæru. Í þeirri ferð voru Valur Oddsteinsson sem vísaði veginn, Jóna Björk Jónsdóttir með eigið hnitsetningartæki, Eiríkur Pór Jónsson og Birna Júlíusdóttir. Vegalengdin er um 12 km.

Klöppin er brött móbergsklöpp sem erfitt er að fóta sig á og þegar afréttarmenn úr Skaftártungu fóru þessa leið í Jökuldalina var ævinlega talað um að fara „niður Klöppina“ eða „á Klöppinni“. Hross sem notuð voru í afréttinum voru ævinlega járnud á skafla og skrikaði þeim þá ekki fótur á Klöppinni.

Þessi arga árans klöpp

ýta marga særir.

Búin karga, begin, kröpp,

blágrjótsarginn tærir.

(Höfundur: Sverrir Sigurðsson, f. 1936)



Mynd 44: Farið um hina illræmdu Klöpp.

Lokaorð

Hér hafa verið kynntar þær helstu fornvörðuðu leiðir sem hnittsettar voru í Skaftárhreppi árin 2019-23. Leiðirnar reyndust fjölmargar eins og hér er tíundað og kom rannsakanda verulega á óvart hversu margar leiðirnar eru og hve vörðun þeirra hefur varðveisist vel og í mikilli samfelli. Ljóst er að hér er um að ræða dýrmætan menningarf og mikið í húfi að gæta varðveislu hans.

Árnesi, 28.12.2023

Með virðingu og þökk

Vera Roth

Heimildir

Ritaðar heimildir

Vera Roth, *Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu – um aldamótin 1900*, 2018.

Pórarinn Helgason, *Lárus á Klaustri*, 1957.

Grunnkort

Atlaskort LMÍ nr. 78, 77 og 68

Myndkort Loftmynda ehf.

Generalstabens topografiske afdeling:

„Ásar - 68 Skaftártunga S.A.“ Herforingjaráðskort, 1:50000, G.T.A., 1905

„Hvalsíki - Kirkjubæjarklaustur N.A. og S.A.“ Herforingjaráðskort, 1:50000. G.T.A., 1905

Ljósmyndir

Helga Guðrún Sigurjónsdóttir

Hörður Finnbogason

Jóna Björk Jónsdóttir

Kristín Lárusdóttir

Vera Roth